

ENDURSKOÐENDARÁÐ

Skýrsla um niðurstöður gæðaeftirlits 2019

Reykjavík 26. mars 2020

Almennt um gæðaeftirlit með störfum endurskoðenda.

Á árinu 2019 starfaði endurskoðendaráð samkvæmt lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur. Ný lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019 tóku gildi 1. janúar 2020. Ekki tókst að ljúka meðferð allra gæðaeftirlitsmála fyrir gildistöku nýrra laga og því lauk endurskoðendaráð skipað á grundvelli nýrra laga við gæðaeftirlitið. Samkvæmt lögnum er hlutverk endurskoðendaráðs að hafa eftirlit með því að endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki ræki störf sín í samræmi við ákvæði laganna, siðareglur endurskoðenda og aðrar reglur sem taka til starfa endurskoðenda.

Gæðaeftirlit er mikilvægur hluti þess eftirlits sem endurskoðendaráði er ætlað að sinna sbr. VII. kafla laganna. Ráðið setur reglur um framkvæmd gæðaeftirlitsins og hefur eftirlit með því en framkvæmd þess er í höndum Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) samkvæmt 13. gr. laganna.

Almennt skulu endurskoðendur og endurskoðunarfyrtæki sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti eins og segir í 1. mgr. 22. gr. laganna. Þó skulu endurskoðendur eða endurskoðunarfyrtæki sem annast endurskoðun eininga tengdra almannahagsmunum (ETA) sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Af hálfu FLE hefur gæðanefnd félagsins umsjón með gæðaeftirlitinu. Gæðaeftirlitið annast sérstakir gæðaeftirlitsmenn sem endurskoðendaráð hefur samþykkt og skila þeir skýrslum að loknu gæðaeftirliti til gæðanefndar. Nefndin fer yfir hverja skýrslu og skilar þeim að lokum til endurskoðendaráðs ásamt greinargerð um eftirlitið. Endurskoðendaráð leggur eigið mat á niðurstöðu hvernar skýrslu og bregst við í samræmi við það. Samkvæmt 5. mgr. 22. gr. laganna skal endurskoðendaráð árlega birta upplýsingar um heildarniðurstöðu gæðaeftirlitsins.

Undirbúningur gæðaeftirlits

Líkt og fram kemur í 22. gr. laga um endurskoðendur beinist gæðaeftirlitið að endurskoðendum og endurskoðunarfyrtækjum og er markmið þess að stuðla að því að við framkvæmd endurskoðunar sé fylgt góðri endurskoðunarvenju eins og hún er skilgreind í bráðabirgðaákvæði II. í lögnum.

Undirbúningur gæðaeftirlits 2019 hófst vorið 2019. Alls voru 82 endurskoðendur boðaðir í gæðaeftirlit.

Í bréfi endurskoðendaráðs til viðkomandi endurskoðenda var í fyrsta lagi óskað eftir upplýsingum um hvaða endurskoðunarverkefni viðkomandi áritaði vegna reikningsársins 2018. Var sérstaklega óskað eftir upplýsingum um það hvort viðkomandi áritaði endurskoðunarverkefni fyrir einingar tengdar almannahagsmunum. Í öðru lagi var óskað eftir upplýsingum um hvort viðkomandi endurskoðandi myndi árita einhver endurskoðunarverkefni með öðrum endurskoðanda og ef svo væri var óskað eftir upplýsingum um nafn þess endurskoðanda og hvaða verkefni áætlanir stæðu til um að þeir árituðu í sameiningu. Ef endurskoðandi sem lenti í úrtaki áritaði endurskoðunarverkefni með öðrum endurskoðanda leitaðist ráðið eftir því að framkvæma jafnframt gæðaeftirlit hjá þeim endurskoðanda. Var

viðkomandi endurskoðanda þá í framhaldinu sent boðunarbréf og gefið tækifæri á að gera athugasemdir við framkvæmdina. Engar athugasemdir bárust ráðinu vegna þessa. Nokkur fjöldi endurskoðenda, sem boðaður var í gæðaeftirlit, gerði ekki ráð fyrir að árita endurskoðunarverkefni og fallið var frá boðuðu eftirliti eins endurskoðanda vegna sérstakra aðstæðna. Einn endurskoðandi neitaði að sæta gæðaeftirliti og var viðkomandi áminntur í samræmi við 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur nr. 79/2008.

Endurskoðendaráð valdi þau endurskoðunarverkefni sem skoða átti og varð niðurstaðan sú að 31 endurskoðandi sætti gæðaeftirliti árið 2019 vegna reikningsársins 2018. Vegna sameiginlegrar áritunar voru þau verkefni sem framkvæmt var gæðaeftirlit á færri en endurskoðendurnir. Samtals komu því 22 verkefni til skoðunar.

Framkvæmd gæðaeftirlits

Þann 15. júlí 2019 sendi endurskoðendaráð bréf til FLE þar sem óskað var eftir því að FLE framkvæmdi gæðaeftirlit hjá tilgreindum endurskoðendum og endurskoðunarfyriertækjum. Þau verkefni sem skoða átti hjá hverjum og einum endurskoðanda voru jafnframt tilgreind.

FLE sendi í kjölfarið bréf til endurskoðendaráðs með lista yfir endurskoðendur sem höfðu lýst áhuga á að framkvæma gæðaeftirlitið. Endurskoðendaráð fór yfir upplýsingarnar sem bárust frá FLE og var það niðurstaða ráðsins á fundi þann 22. ágúst 2019 að allir umsækjendur uppfylltu skilyrði 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 712/2015 og að því væru ekki forsendur fyrir öðru en að samþykka alla sem gæðaeftirlitsmenn. Ráðið ákvað þó að benda FLE á að aðeins væri gert ráð fyrir því að 22 verkefni yrðu skoðuð 2019 og því væri óþarft að svo margir aðilar kæmu að framkvæmd gæðaeftirlits. Þá var ákveðið að benda FLE á að út frá hæfisreglum væri æskilegt að gæðaeftirlitsmenn kæmu frá sem flestum vinnustöðum.

Þann 17. september 2019 hélt gæðanefnd Félags löggiltra endurskoðenda í samstarfi við endurskoðendaráð námskeið fyrir gæðaeftirlitsmenn vegna gæðaeftirlits 2019.

Gæðaeftirlitið skiptist í fimm megin hluta og var markmið eftirlitsins að ganga úr skugga um að endurskoðendur hlíti ákvæðum laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, sem þá voru í gildi. Fyrsti hlutinn sneri að því að kanna hvort endurskoðendur uppfylltu skilyrði II. kafla laganna um réttindi endurskoðenda. Í öðrum hlutanum var tekið til skoðunar hvort formlegt gæðakerfi væri til staðar í endurskoðunarfyriertæki, sbr. 4. mgr. 3. gr. laganna. Þriðji hluti gæðaeftirlitsins beindist að því að kanna hvort endurskoðendur færu að bráðabirgðaákvæði II um góða endurskoðunarvenju við framkvæmd endurskoðunar samkvæmt 9. gr. laganna. Í fjórða hlutanum voru einingar tengdar almannahagsmunum, hér eftir vísað til sem ETA, sérstaklega skoðaðar. Fimmti hluti eftirlitsins beindist að eftirfylgni við lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Gæðaeftirlitinu var beint að einstökum endurskoðendum, hvort sem þeir árituðu einir eða með öðrum. Af þeim endurskoðendum sem árituðu ársreikning vegna reikningsársins 2018 voru átta

endurskoðendur með ETA verkefni en vegna sameiginlegrar áritunar voru fimm ETA verkefni skoðuð í gæðaeftirliti. Ekki var framkvæmt eftirlit hjá einum endurskoðanda vegna synjunar um að sæta gæðaeftirliti. Endurskoðendaráð lítur það alvarlegum augum að endurskoðendur synji að sæta lögbundnu gæðaeftirliti, enda er slíkt skýrt brot á 22. gr. laga um endurskoðendur þar sem kveðið er á um að endurskoðunarfyritækjum og endurskoðendum sé skylt að sæta gæðaeftirliti eigi sjaldnar en á sex ára fresti. Endurskoðendaráð áminnti viðkomandi endurskoðanda vegna þessa.

Gæðaeftirlitið hófst í september 2019 og lauk framkvæmd þess af hálfu Félags löggiltra endurskoðenda með skýrslu gæðanefndar félagsins til endurskoðendaráðs í desember 2019. Í skýrslu gæðanefndarinnar kom fram umsögn nefndarinnar um framkvæmd og niðurstöður gæðaeftirlits. Gæðanefnd starfaði samkvæmt reglum endurskoðendaráðs um framkvæmd gæðaeftirlits og eigin verklagsreglum sem gæðanefndin hefur sett um framkvæmd eftirlitsins. Nefndin fjallaði um skýrslur gæðaeftirlitsmanna eftir því sem þær bárust og setti fram ábendingar eða athugasemdir ef hún taldi ástæðu til. Starfsmaður endurskoðendaráðs sótti gæðaeftirlitsskýrslurnar á skrifstofu FLE eða fékk þær sendar í gegnum örugga rafræna gátt, en skýrslur gæðaeftirlitsmanna ásamt umsögn eða athugasemdum, sem fram höfðu komið við gæðaeftirlitið, voru afhentar ráðinu með nafnleynd og í læstum skjölum.

Við gæðaeftirlitið var stuðst við reglur nr. 712/2015, um framkvæmd gæðaeftirlits með störfum endurskoðenda. Gátlistarnir skiptast í fimm meginkafla, sem eru eftirfarandi:

- Gátlisti 1: Almennar upplýsingar
- Gátlisti 2: Innra gæðaeftirlitskerfi
- Gátlisti 3: Gæðaeftirlit vegna endurskoðunarverkefna
- Gátlisti 4: Einingar tengdar almannahagsmunum
- Gátlisti 5: Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

Í gátlistunum er vísað til ákvæða í lögum um endurskoðendur, ákvæða í alþjóðlegum endurskoðunarstaðli um gæðakerfi (ISQC 1), ákvæða í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, ákvæða í almennum endurskoðunarstöðlum (ISA), er talið hefur verið að feli í sér góða endurskoðunarvenju. Við gæðaeftirlitið var tekið tillit til stærðar og umfangs endurskoðunarverkefna og við það miðað að skráning og öflun endurskoðunargagna væri í samræmi við tilmæli ISA staðlanna og nægilegur rökstuðningur væri fyrir því álitum endurskoðandans sem fram kemur í áritun hans á endurskoðaðan ársreikning. Jafnframt hefur gæðaeftirlitið þann tilgang að miðla gagnlegum ábendingum til þeirra sem sæta gæðaeftirliti. Eðli máls samkvæmt gildir það verklag við gæðaeftirlit að byggja verður á skráningu endurskoðunar í því verkefni sem er til skoðunar hverju sinni, en skráning, öflun og varðveisla endurskoðunargagna hefur alltaf verið mikilvægur þáttur endurskoðunar.

Ef eftirlit samkvæmt gátlista 1 og 2 hafði verið framkvæmt á síðustu tveimur árum hjá viðkomandi endurskoðunarfyritæki var aðeins framkvæmt eftirlit á grundvelli gátlista 3, 4 og 5.

Niðurstaða gæðaeftirlitsins

Endurskoðendaráð fór yfir skýrslur gæðaeftirlitsmanna jafnóðum og þær bárust frá Félagi löggiltra endurskoðenda og tók afstöðu til frekari meðferðar, sem fólst helst í einhverju af eftirfarandi:

- Ef ekki komu í ljós annmarkar var málinu lokið. Endurskoðendaráð getur þó óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum ef þurfa þykir til að komast að niðurstöðu.
- Þar sem endurskoðendaráð taldi að til greina kæmi að bæta við ábendingu/athugasemd sem ekki kom fram í gæðaeftirlitsskýrslu gæðaeftirlitsmanna, var viðkomandi endurskoðanda greint frá því og honum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.
- Ef óverulegir annmarkar á endurskoðun komu í ljós var máli lokið með tilmælum til viðkomandi endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtækis um að bæta úr þeim, sbr. 1. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur.
- Ef verulegir annmarkar komu í ljós mat endurskoðendaráð í hverju tilviki fyrir sig hvort þörf væri á endurteknu eftirliti eða hvort málinu yrði lokið með tilmælum um breytta starfshætti í framtíðinni.
- Í þeim tilvikum þar sem endurskoðendaráð taldi sýnt að endurskoðandi hefði í störfum sínum brotið gegn lögum um endurskoðendur svo að ekki yrði við unað veitti endurskoðendaráð í rökstuddu álitni viðkomandi aðila áminningu, sbr. 2. mgr. 17. gr. laga um endurskoðendur. Áður en endurskoðendaráð tók ákvörðun um beitingu slíkra viðurlaga var endurskoðendum veittur andmælaréttur samkvæmt 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ekki tókst að ljúka gæðaeftirliti 2019 áður en ný lög um endurskoðendur tóku gildi 1. janúar 2020. Nýtt endurskoðendaráð, sem var skipað 23. desember 2019 og tók til starfa 1. janúar 2020 í samræmi við ný lög um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, hélt áfram meðferð þeirra mála sem ólokið var um áramót. Gæðaeftirliti 2019 var endanlega lokið í marsmánuði 2020.

Niðurstöður gæðaeftirlits 2019

<i>Endurskoðendur sem sættu eftirliti (ekki ETA verkefni)</i>	23	
Engar athugasemdir eða ábendingar	1	
Einungis athugasemdir	1	Færri en 2 athugasemdir
Einungis ábendingar	5	Færri en 3 ábendingar
Athugasemdir og ábendingar	8	
Áminning vegna niðurstöðu í gæðaeftirliti og endurtekið eftirlit	3	
Endurtekið eftirlit vegna niðurstöðu í gæðaeftirliti	3	
Endurtekið eftirlit vegna óskýrrar niðurstöðu ¹	1	
Áminning - Synjað að sæta eftirliti	1	
<i>Endurskoðendur með ETA verkefni</i>	8	
Einungis athugasemdir	3	Færri en 3 athugasemdir
Engar athugasemdir eða ábendingar	0	
Einungis ábendingar	0	
Athugasemdir og ábendingar	5	Færri en 3 ath.semndir/ábendingar
Athugasemdir, ábendingar og endurtekið eftirlit	0	
Samtals alls	31	

¹ Vegna ósamræmis milli gátlista og innsendra gagna með andmælum viðkomandi endurskoðanda var ákveðið að endurtaka eftirlit. Athugasemdir/ábendingar ekki skráðar.

Niðurstöður gæðaeftirlits 2019 eftir gátlistum

- Gátlisti 1 – almennar upplýsingar
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 2 aðilum.
- Gátlisti 2 – innra gæðaeftirlitskerfi
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 7 aðilum.
- Gátlisti 3 – framkvæmd endurskoðunar
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 25 aðilum.
- Gátlisti 4 – einingar tengdar almannahagsmunum
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 0 aðilum.
- Gátlisti 5 – aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka
 - Athugasemdir/ábendingar hjá 21 aðila.

Samanburður á niðurstöðum gæðaeftirlits 2018 og 2019

Í gæðaeftirliti 2019 var aðeins einn endurskoðandi eða 3,2% sem fékk hvorki ábendingar né athugasemdir en í gæðaeftirliti 2018 voru það fimm endurskoðendur eða 9,8%.

Eingöngu voru gerðar ábendingar hjá 16,1% af þeim endurskoðendum sem sættu gæðaeftirliti nú samanborið við 49% árið 2018 og 13% árið 2017.

Þá voru 51,6% þeirra sem sættu eftirliti 2019 með eina til fjórar athugasemdir sem er nokkur breyting frá fyrra ári þegar hlutfallið var 39%. Árið 2017 var hlutfallið 65% og 53% árið 2016.

Sjö endurskoðendur, eða 22,6 % þeirra sem sættu gæðaeftirliti, voru með fimm eða fleiri athugasemdir árið 2019 en árið 2018 var enginn með fleiri en fimm athugasemdir og um 13% árið 2017. Það vekur athygli að tveir af sjö endurskoðendum í þessum flokki voru með fleiri en tíu athugasemdir.

Í gæðaeftirliti 2019 var þremur endurskoðendum veitt áminning ásamt því að þeim var gert að sæta endurteknu eftirliti og þá var fjórum öðrum endurskoðendum gert að sæta endurteknu eftirliti. Einungis einum endurskoðanda var gert að sæta endurteknu eftirliti árið 2018.

Þegar niðurstöður gæðaeftirlits 2019 eru bornar saman við niðurstöður eftirlits 2018 og 2017 vekur athygli að meira virðist um bæði ábendingar og athugasemdir í gæðaeftirliti 2019 heldur en árið 2018. Þá eru færri endurskoðendur í eftirliti ársins 2019 sem hafa engar ábendingar eða athugasemdir og talsverður munur er á hlutfalli þeirra sem einungis voru með ábendingar. Niðurstaða gæðaeftirlits 2019 er því verri en árið 2018 .

Athugasemdir og ábendingar í gæðaeftirlit 2019 sneru að mörgu leyti að sömu atriðum og áður og ber þar helst að nefna:

- Greiningaraðgerðir á öllum stigum endurskoðunar.
- Áhættumat og sviksemisgreiningu, þar á meðal mat á rekstrarhæfi.
- Aðgerðir vegna hættu á að stjórnendur fari fram hjá innra eftirliti.
- Endurskoðun tekna.
- Skilgreiningar á tengdum aðilum, mat á áhættu vegna þeirra og framsetning í skýringum.
- Lok endurskoðunar, þar á meðal yfirferð á uppgjörs- og lokafærslum.
- Mat á óhæði og vinnu sérfræðinga.
- Framsetning, orðalag og undirritanir á ráðningarbréf og staðfestingarbréf.

Sú athugasemd/ábending sem var algengust vegna gátlista 5 var sú að ekki var framkvæmd könnun á áreiðanleika viðskiptamanns.

Í mörgum tilvikum benti endurskoðendaráð jafnframt á að ráðningarbréf tilgreindu ekki tilvísun í áætlað form áritunar ásamt umfjöllun um að áritun geti orðið önnur en vænst er, líkt og krafist er samkvæmt ISA 210.10, lið e. Þá gerði endurskoðendaráð allnokkrar athugasemdir við frágang og varðveislu lokaútgáfu endurskoðunargagna, sbr. ISA 230.14.

Endurskoðendaráði, 26. mars 2020.

Áslaug Árnadóttir

Hildur Árnadóttir

Jón Arnar Baldurs